

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17.12.01

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 204. mál,
heildarlög. Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000-2001**

Samkvæmt bréfi dags. 28. nóvember 2001, er Miðstöð nýbúa gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Miðstöð nýbúa hefur verið lögð niður og Alþjóðahús ehf. tekið við starfsemi hennar.

Alþjóðahús gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Alþjóðahúss ehf.



Katla Þorsteinsdóttir

Athugasemdir Alþjóðahúss:

1. mgr. 7. gr.

Alþjóðahús gerir alvarlega athugasemd við þessa grein laganna og harmar að ennþá skuli fyrsta atvinnuleyfi vera veitt ákveðnum atvinnurekanda en ekki launþegnum sjálfum. Við þessar aðstæður hefur vinnuveitandi ákveðið vald yfir launþega sem er honum háður. Alþjóðahúsi þykir þetta fyrirkomulag óeðlilegt í sambandi vinnuveitanda og launþega og vera til þess fallið að vera misnotað af vinnuveitanda.

Alþjóðahúsi þykir sú leið réttari og réttlátari að atvinnuleyfið sé veitt launþegnum sjálfum ef hann getur lagt fram ráðningarsamning við ákveðið fyrirtæki. Ef hann einhverra hluta vegna hættir hjá viðkomandi fyrirtæki, þyrfti hann að leggja fram nýjan ráðningarsamning til að fá atvinnuleyfið endurnýjað. Í þessu sambandi vísar Alþjóðahús til rökstuðnings með athugasemdum Miðstöðvar nýbúa við 7. gr. frá 23. mars 2001.

3. mgr. 7. gr.

Alþjóðahús fagnar ákvæði 3. mgr. 7.gr. sem heimilar að hælisleitendum sé veitt atvinnuleyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsókn eða þar til brottvísun kemur til framkvæmda hafi hann fengið endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi.

Hins vegar þykir ákvæðið ekki nægilega skýrt þar sem það kemur ekki fram hvort þetta sé raunverulegt val, þ.e. hvað verði um þá hælisleitendur sem einhverra hluta vegna treysta sér ekki til að vinna. **Breytist aðstaða þeirra miðað við það sem nú gildir með tilkomu þessa ákvæðis?**

1. mgr. 8. gr.

Alþjóðahús gerir athugasemdir við ákvæði fyrri. másl. 1. mgr. 8. gr. þar sem það gerir innflytjendum og íslenskum fyrirtækjum afar erfitt fyrir. Ekki er auðvelt fyrir einstakling að leita að atvinnu frá öðru landi eða heimshluta og atvinnurekandi gerir í ráðningarsamning við einstakling, sem hann hefur aldrei séð eða talað við persónulega.

Í síðari málsli. 1. mgr. 8. gr. eru gerðar ákveðnar undantekningar á því að atvinnuleyfi þurfi að liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Alþjóðahúsi þykir mjög skorta á þetta ákvæði þar sem ekki er gert ráð fyrir mökum einstaklinga sem hér starfa á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis. Sú aðstaða er algeng að einstaklingur kemur hingað til lands til starfa en maki hans hefur einhverra hluta vegna ekki fengið atvinnuleyfi á sama tíma. Hefur t.d. ekki enn fengið vinnu eða hefur í hyggju að vera heimavinnandi tímabundið. Samkvæmt því sem nú er gert ráð fyrir í frumvarpinu hefur makinn tvo kosti. Annar er sá að bíða og koma ekki til Íslands fyrr en atvinna og atvinnuleyfi hefur fengist og hinn er að koma hingað á grundvelli dvalarleyfis eingöngu og þurfa að hverfa burtu ef hann óskar síðar eftir að starfa hér. Alþjóðahúsi þykir hvorugur kosturinn ásættanlegur fyrir fjölskyldu.

Alþjóðahús vill taka fram að orðalagið „ríkar sanngirnisástæður“ í síðari málsli. 1. mgr. 8. gr. er alltof víðtækt og ekki nægjanlegt til að þessar aðstæður falli einungis þar undir og séu þannig háðar mati. Það er ríkt mannréttindasjónarmið að fjölskyldu skuli ekki aðskilja. Báðir þeir kostir sem maki í þessu tilviki hefur gerir ráð fyrir því að fjölskylda sé aðskilin um til lengri eða skemmri tíma. Þar sem hér er um að ræða grundvallarréttindi fólks mælir Alþjóðahús með því að við síðari málslið 1. mgr. 8. gr. verði bætt samanber tillögu hér að neðan.

Auk framangreinds þykir Alþjóðahúsi ákvæðið óskýrt þar sem ekki eru taldar upp í þessu undanþáguákvæði allar þær undanþágur sem lögin sjálf heimila að gerðar séu á ákvæði 1. mgr. 8. gr. Ekki er t.d. minnst á námsmenn sem þó geta í ákveðnum tilfellum verið undanþegnir ákvæðinu samkvæmt 4. mgr. 11. gr. Alþjóðahús gerir þá tillögu að ákvæði 1. mgr. 8. gr. hljóði þannig:

„ Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, eða ef skilyrði skv. 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. eða **4. mgr. 11. gr.** eru fyrir hendi **eða ef um er að ræða maka útlendings sem starfar hér á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis.**“

2. og 3. mgr. 11. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði má víkja frá skilyrðum 1. mgr. 11. gr. ef um erlendana maka Íslendinga er að ræða. Skv. 3. mgr. sama ákvæðis er með maka átt við fólk í hjúskap eða skráðri sambúð í a.m.k. tvö ár. Alþjóðahúsi þykir ákvæði 2. mgr. mjög óskýrt

einkum með tilliti til skilgreiningarinnar í 3. mgr. Í 2. mgr. er það tekið fram að ef um skilnað er að ræða þurfi hjúskapur eða sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár en ekkert tímamark er tilgreint ef um er að ræða missi maka. **Gildir tveggja ára reglan, sbr. skilgreiningu á orðinu maki í 3. mgr., í því tilfelli líka?**

Þá þykir Alþjóðahúsi skorta að fram komi í lögnum hvaða reglur gildi um þessa aðila ef hjúskapurinn eða hjónabandið hefur varað skemur er tvö ár. Er ætlunin að þá gildi 1. mgr. 8. gr. þannig að þessir einstaklingar þurfi að hverfa á landi brott á meðan atvinnuleyfis er aflað? Alþjóðahúsi þykir sú regla óviðunandi, einkum ef um er að ræða makamissi.

Lokaorð

Að öðru leyti en hér að framan greinir ítrekar Alþjóðahús umsögn Miðstöðvar nýbúa frá 23. mars 2001 og er henni að öllu leyti sammála.